

Stofnun hollvinasamtaka

1. Halda þarf stofnfund þar sem samþykktar eru samþykktir/lög félagsins og kosið í stjórn
 - a. Drög að stofnfundargerð, sjá tillögu á bls. 2.
 - b. Drög að samþykktum – samþykktir þurfa að vera dagsettar og undirritaðar af öllum stjórnarmönnum (aðalmenn og varamenn). Sjá tillögu á bls. 3-5.
2. Skráning félags hjá Fyrirtækjaskrá
 - a. Eyðublað RSK 17.01: Umsókn um skráningu og úthlutun á kennitölu til félaga, samtaka og annarra aðila sem ekki stunda atvinnurekstur.
https://www.skatturinn.is/media/rsk17/rsk_1701.is.pdf
 - b. Fylla þarf út eyðublaðið og senda það inn til Fyrirtækjaskrár ásamt samþykktum félagsins, tilkynningu um raunverulegan eiganda
https://www.skatturinn.is/media/rsk17/rsk_1728.is.pdf og greiða skráningargjald að fjárhæð 30.000 kr.
3. Félagið er þá skráð hjá Fyrirtækjaskrá, fær úthlutaða kennitölu og aðgangi á þjónustuvef Skattsins
 - a. Ef skrá á félagið sem almannaheillafélag er það gert á þjónustuvef Skattsins með skilaveflykli. Velja „Samskipti“ og velja þar umsóknareyðublaðið. Það er fyllt út og rafræn umsókn send.

Fundargerð stofnfundar Hollvinasamtaka [•]

Stofnfundur Hollvinasamtaka [•] var haldinn þann [•].[•]. 20[•], kl. [•]:[•] að [staðsetning].
Mætt voru [•].

1. Fundarmenn samþykktu samhljóða að stofna Hollvinasamtök [•].
2. Samþykkir félagsins voru lesnar upp og samþykktar samhljóða.
3. Kosning í stjórn
 - a. [A], [B] og [C] gáfu kost á sér til stjórnar félagsins.
 - b. [A] var kosinn formaður og [B] og [C] sem meðstjórnendur.
4. Stjórn félagsins var falið að ganga frá skráningu félagsins.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. [•]:[•].

SAMÞYKKTIR

Hollvinafélags [•]

1.gr. HEITI FÉLAGSINS

Félagið heitir Hollvinafélag [•].

2. gr. TILGANGUR

Tilgangur félagsins er... *(hér þarf að lýsa tilgangi félagsins. Athugið að tilgangur félaga skiptir meginmáli um alla starfsemi félagsins og því nauðsynlegt að tilgreining hans sé nægilega skýr og lýsandi fyrir þá starfsemi sem félaginu er ætlað. Hér þarf einnig að taka fram að eingöngu sé um félagasamtök að ræða og enginn atvinnurekstur verði hjá félaginu).*

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að... *(hér þarf að koma lýsing á því hvernig félagið hyggst ná markmiðum sínum).*

3. gr. FÉLAGSMENN

Sóknarbörn og aðrir velunnarar kirkjunnar geta orðið félagsmenn.

Félagsgjald skal ákveðið á aðalfundi hvers árs og skal það innheimt [árlega/mánaðarlega].

4. gr. AÐALFUNDUR

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

5. gr. STJÓRN

Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 félagsmönnum, formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Fimaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

6. gr. RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins. Ekki verður greiddur út arður til félagsmanna.

7. gr. SLIT

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til [kirkju].

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins þann *dd.mm.áááá*.

Hér koma eiginhandar undirritanir allra stjórnarmanna (og varamanna ef eru kosnir) .

Nöfn og kennitölur.